



Ísland GrN

Samþykkt á fundi hjá Keppnisráði í Ralli 22.03.2018	Torfi Arnarson Pórður Ingvason Ísak Guðjónsson Garðar Gunnarson
--	--

1. Þessar reglur hafa gildistíma til fimm ára og taka gildi 1 maí 2018.
2. Þessar reglur ná aðeins yfir fólksbifreiðar með fjórhjóladrifi, jeppabifreiðar flokkast undir reglur fyrir gengi J.
3. Gjaldgengar bifreiðar eru í Flokki B samkvæmt lista AKÍS.
4. GrN búnaður telst vera:
 - Heimasmíði í styrkingum, spyrnum og öðrum festingum drifrásar og hjólabúnaðar er leyfð svo fremi sem öryggiskröfur eru uppfylltar.
 - Búnaður fjöðrunar og spyrna er frjáls.
5. Gírkassi skal vera í original húsi, Raðskiptir bannaður
 - -Rafmagnsskiptir og sequentialskiptir bannaðir
 - -Dogbox leyfð
6. Lágmarks þyngd fjórhjóladrifsbifreiðar er 1230kg.
7. Notkun 34mm þrenginga og uppfærslur í gengi A á mótorum er leyfð, þó ekki WRC.
8. Allar bifreiðar með túrbínu mótör skulu hafa 34mm þrengingu, nema bifreiðar sem hafa undanþágu samkvæmt reglu 9 hér undir.
9. **Reglur yfir undanþágu fyrir túrbínuþrengingar frá 2004:**

Til að keppandi geti sótt um undanþágu fyrir túrbínuþrengingu, verða eftirfarandi skilyrði að vera fyrir hendi:

Hreyfill viðkomandi bifreiðar verður að vera upprunalegur frá framleiðanda, í venjulegum fjölskyldubíl nema púst og loftsía, engu öðru má breyta. Skal skoðunarmaður frá AKÍS skoða hreyfilinn og innsigla túrbínu, hedd, bensínspíssa og stýrisbúnað; tölvu og intercooler.

Mjög æskilegt er að mæla afl hreyfils. Sérsmíðaðar keppnisvélar falla ekki undir þessa undanþágu.

Að þessu undangengnu veitir AKÍS skriflega undanþágu. Verði innsigli rofið í keppni eða utan keppni án samráðs við skoðunarmann AKÍS fellur undanþágan niður og viðkomandi keppandi verður sektaður. Ef innsigli er rofið að það sé skráð hjá AKÍS. AKÍS getur farið fram á aflmælingu og skal sú aflmæling vera framkvæmd af aðila viðurkenndum af AKÍS.

Aðrar breytingar keppnisbifreiðar ættu ekki að koma þessari undanþágu við svo sem: Bremsur, fjöðrun og drifrás (drif, gírkassi, millikassi).



- Reglum frá árinu 2004 um undanþágu fyrir bifreiðar með standard mótör skulu standa óbreyttar að eftirfarandi undanskyldu: “Þær bifreiðar sem aka án túrbínuprengingar skulu í upphafi tímabils skila til AKÍS afluælingu á mótör og ef þörf þykir getur keppnisstjóri/fulltrúi AKÍS farið fram á endurtekningu. Frávik í mælingu mega ekki vera yfir 15% frá upphaflegu mælingunni, refsing er svifting allra stiga á keppnisárinu”.
- Hámarks afl bifreiða má samkvæmt viðurkenndum mæliaðferðum FIA aldrei fara yfir 220 hp sem hámark. Þetta er gert til að uppfylla öryggiskröfur sem okkur ber að halda sem aðildarfélag FIA.

F. I. A.

KAFLI 254. GENGI “N”.

SÉRREGLUR FYRIR RAÐFRAMLEIDDAR FÓLKSBIFREIÐAR

1. SKÝRING

Raðframleiddar fólksbifreiðar.

2. FRAMLEIÐSLUFLOKKUN

Að minnsta kosti 2500 samskonar bifreiðar skulu hafa verið smíðaðar á 12 mánaða tímabili og framleiðsluflokkaðar af FIA í flokki sportbifreiða.

Framleiðslubreytingar (VF) flokkaðar fyrir gengi A eru einnig leyfðar í gengi N.

Valkostir leyfðir fyrir gengi A eru bannaðir í gengi N nema þeir taki til;

- kashjóls (svinghjóls) fyrir sjálfskiptingar;
- eldsneytisgeymis;
- sjálfskiptinga;
- sóllúga;
- veltibúra;
- 2/4 hurða;

Við notkun eldsneytisgeymis sem er flokkaður sem valkostur fyrir gengi A skal hlíta sömu reglum og fyrir

gengi A sjá grein 5.9.2 og kafla 254.6.8. Ennfremur eru breyttar gerðir (ET) eða sportgerðir (ES) flokkaðar í gengi A ekki leyfðar í gengi N.



3. LEYFÐAR EÐA SKYLDADAR BREYTINGAR OG AUKAHLUTIR

Allar breytingar sem eru ekki leyfðar í gildandi reglum eru stranglega bannaðar. Þær breytingar og viðgerðir sem framkvæma má á bifreiðinni eru þær sem nauðsynlegar eru og teljast eðlilegt viðhald, eða að skipta um hluti sem eru orðnir slitnir vegna notkunar eða óhappa. Takmörk leyfðra breytinga eru taldar upp í reglum þessum. Að þeim undantekningum frátöldum er einungis leyfilegt að skipta um slitna hluti með algjörlega sambærilegum hlut.

4. ÞYNGD

Bifreiðar skulu að minnsta kosti veða það sem gefið er upp á flokkunarskírteini að viðbættum öryggisbúnaði. Sé um að ræða veltibúr sem ekki er hægt að fjarlægja úr bifreiðinni og smíðuð voru samkvæmt kafla 253.8.2 8.3 í viðauka J gildir þessi tafla fyrir vikt á veltibúri eða grind:

- Veltibúr skv. mynd. 253.3 til 4. 30 kg.
- Veltibúr skv. mynd. 253.5 til 17. 35 kg.

Við vigtun skal bifreiðin vera tóm þ.e.a.s. vera mannlaus án farangurs, verkfæra og tjakks. Ennfremur skulu allir vökvageymar (smurolía, kælivatn og hemlavökvi) vera í því magni sem framleiðandi gerir ráð fyrir, allir aðrir geymar skulu vera tómir. Ennfremur skal fjarlægja aukaljós sem ekki eru tiltekin á flokkunarskírteini.

5.1. VÉL

Inngjafarbarka má skipta um og/eða tvöfalda.

- Kveikjukerfi: Gerð og tegund er frjáls svo og kerti, þræðir og snúningstakmarkarar.
- Kælikerfi: Vatnslás, vatnskassalok og vifturofi eru frjálsir.
- Eldsneytisflæði: Þeim hlutum blöndunga eða beinna innspýtinga sem stýra eldsneytismagni inn á vél má breyta að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á loftflæði til vélar. Bein innspýting skal vera af upphaflegri gerð. Skifta má um spíssa séu þeir sömu gerðar og þeir upphaflegu nema hvað varðar gatið í dýsuendanum. Þeir keppendur sem keppa á bifreiðum með vökvaundirlyftum, skulu geta útvegað skoðunarmönnum mekaníska undirlyftu svo hægt sé að mæla lyftihæð.
- Gerð mótorpúða er frjáls en ekki má fjölga þeim.
- Breyta má rafmagnsviðnámum í stýriheila fyrir innspýtingar.
- Pústkerfi: Það er leyfilegt að;
- * annaðhvort fjarlægja innan úr upphaflegum hljóðkút;
- * eða breyta pústkerfi frá fyrsta hljóðkút þangað sem það kemur undan bifreið, mesta mál púströrs má ekki verða meira en mál rörs fyrir framan fyrsta hljóðkút (sjá teikn. 254.3). Séu um tvö rör að ræða að fyrsta hljóðkút skal mál rörs verð minna eða jafnt máli þeirra tveggja. Aðeins eitt rör má koma undan bifreið.



Pústkerfi skal fyrirkomið á sama hátt og upphaflega er gert ráð fyrir. Við þessar breytingar má ekki á neinn hátt breyta eða styrkja yfirbyggingu og skal bifreiðin uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í hverju landi varðandi hávaða. Leyfilegt er að bæta við festingum á pústkerfi. Sé aukahljóðkút bætt við skal hann vera af upphaflegri gerð og vera klæddur hljóðdeyfandi efni að innan. Katalyzatorar eru flokkaðir sem hljóðdeyfar.

- Cruise control: Aftengja má cruise control.

- Aðeins í rally: Hámarksslagrúmtak véla án forþjöppu er sem hér segir:

* Vélar með 2 ventla á strokk 3000 rs.

* Vélar með fleiri en 2 ventla á strokk 2500 rs.

Vélar með forþjöppu: Forþjappa skal vera sambærilegrar gerðar og sú sem flokkuð er á vélina. Mesta innanmál loftinntaks á forþjöppu má vera 40 mm. miðað við minnst 3 mm. rýmd milli þjöppuhjóls og ávala hluta þjöppuhúss, ennfremur má mesta þvermál hins ávala hluta ekki verða meiri en 50 mm. miðað við sömu rýmd (teikn. 254.4). Þessi þvermál verða að standast mælingu óháð hitastigi. Allar forþjöppur verða að vera í samræmi við ofangreinda mælingu og verða þær forþjöppur sem ekki standast þessi mál að hafa þrengingar samkvæmt ofangreindum málum og eru skrófaðar við þjöppuhúsið. Þessar þrengingar mega ekki vera hluti af þjöppuhúsinu, heldur verða þær að vera fjarlægðar. Ef um er að ræða vél með 2 forþjöppum, má hámarksinnanmál loftinntaks ekki vera meira en 36 mm. á hvorri forþjöppu. Allt loftflæði til vélar verður að fara um þrengingu þá sem sett er við forþjöppuna. Leyfilegt er að taka úr og/eða bæta við efni til þess að festa þrengingar við þjöppuhús, það verður að vera mögulegt að þétta með þrengingunni og einnig verður að vera mögulegt að mæla hana eða auðvelt að fjarlægja hana til skoðunar. Gerð og lögum þrenginga er frjálst nema hvað varðar þau mál sem getið er um hér að ofan.

5.2. GÍRKASSI

- Tengli: Diskar er frjálstir þ.e. þyngd og gerð.

5.3. FJÖÐRUN

Gormar: Lengd gorma, fjöldi snúninga, þvermál efnis, gerð og utanmál og lögum gormasætis er frjálst.

Blaðfjaðrir: Lengd, breidd, þykkt og sveigja blaðfjaðra er frjálst.

Vindufjaðrir: Ummál vindufjaðrar er frjálst.

- Höggdeyfar: Höggdeyfar eru frjálstir nema að þeim má ekki fjölga. Sé bifreið búin vökvafjöðrun má skipta um eða breyta fjöðrunarkúlum, en ekki fjölga þeim.



5.4. FELGUR OG HJÓLBARÐAR

Felgur eru frjálssar svo framarlega sem að þær mælist ekki yfir flokkaða breidd og hæð (gr. 801.a/b).

Felgur mega ekki ná útfyrir hjólboga á brettum bifreiðar (sjá grein 255.5.4 gengi A) og mesta sporvidd má ekki vera meiri en gefin er upp á flokkunarskírteini.

Hjólbardar eru frjálssir að því tilskyldu að þeir hæfi felgunni.

Varahjól má staðsetja inn í farþegarými bifreiðarinnar sé það tryggilega fest og að það sé ekki staðsett á þeim stöðum sem ætluð eru öikumönnum. Skipta má um felgubolta, einnig má breyta frá boltum í pinnbolta og rær eins og sýnt er á teikn.

254.1. Lofttæmibúnaður á hjól er bannaður.

5.5. HEMLAKERFI

Hemlaborðar eru frjálssir svo og hvernig þeir eru festir á kjálkana (límdir, hnoðaðir o.s.frv.) að því tilskyldu að hemlaflötur sé ekki aukin. Hlíðarplötur má fjarlægja eða beygja. Sé bifreið búin aflhemlum má aftengja þann búnað, einnig má aftengja tregðuhemlunarbúnað (ABS). Setja má flugvélahemlaleiðslur í bíla.

5.6. YFIRBYGGING

Yfirbygging bifreiðar er frjálss með eftirtöldum takmörkunum:

- Yfirbygging þarf að vera af gerð sem framleidd er í að minnsta kosti 2500 eintökum.
- Botnplata og vél skulu vera frá sama framleiðanda (sömu gerðar).

Eftirtaldar breytingar eru leyfðar:

- Aukamælar, teljarar o.þ.h. ef tryggt er að þeir valda ekki hættu.
- Skipta má um flautu og eða bæta við flautu til dæmis til nota fyrir aðstoðarökumann.
- Breyta má virkni handhemils (fly-off).
- Stýrishjól er frjálst.
- Leyfilegt er að setja handvirka rúðuupphalara í stað rafmagnsupphalara.
- Leyfilegt er að skipta um hliðar og afturrúður sé efni samkvæmt staðli FÍA
- Styrkingar eru frjálssar.
- Leyfilegt er að breyta hólfi fyrir varahjól ef nota á stærra varahjól en það upphaflega, og geymist það á sama stað (teikn. 254.2).

5.7. RAFKERFI

- Rafgeymir: Gerð, tegund stærð og kaplar eru frjálssir. Spenna (volt). Sé staðsetningu á rafgeymi breytt skal fara eftir öryggisreglum.



- Rafall: Leyfilegt er að setja aflmeiri rafal, einnig er leyfilegt að setja riðstraumsrafal í stað jafnstraumsrafals.
- Ljós: Leyfilegt er að setja aukaaðalljós ásamt meðfylgjandi rafliðum, þó mega ökuljós ekki verða fleiri en 8, stöðuljós og afturljós ekki meðtalin, og að lög og reglugerðir viðkomandi landa leyfi þann fjölda. Þessi ljós má ekki fella inn í yfirbyggingu bifreiðarinnar. Leyfilegt er að aftengja og hylja upphaflegu aðalljósin og setja önnur í staðin ef þau uppfylla þau skilyrði sem sett eru í þessari grein. Einnig má setja bakkljós á bifreiðina ef einungis er hægt að kveikja það ef bifreiðin er í bakkgír og það sé í samræmi við lög og reglugerðir í viðkomandi landi. Heimilt er að bæta öryggjum í rafkerfi bifreiðarinnar.

5.8. ELDSNEYTISKERFI

Sé upphaflegur eldsneytisgeymir með sömu eða innbyggða rafmagns eldsneytisdælu og síu, er heimilt þegar notaður er FT3 eldsneytisgeymir að nota dælu og síu með sömu eiginleikum og þær upphaflegu og staðsetja þær utan við geyminn. Jafnframt skal þess gætt að þær dælur og síur séu vel varðar. Bannað er að staðsetja áfyllingarstúta í gluggaopum. Ef notaður er FT3 eldsneytisgeymir skal nota flugvélagerð af eldsneytisleiðslum og þær má leggja eftir eigin vali. Ef hinsvegar upphaflegur eldsneytisgeymir er notaður eru flugvélaleiðslur valkostur.